

Reglur fyrir Menningarsjóð Eyjafjarðarsveitar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Eyjafjarðarsveitar og er eign Eyjafjarðarsveitar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

Að styrkja menningarverkefni í Eyjafjarðarsveit.

Að leggja til framlag til kaupa á listaverkum fyrir Eyjafjarðarsveit.

Að styrkja listamenn, félag og fræðimenn og aðra þá sem stjórn sjóðsins ákveður hverju sinni.

Að fjármagna þau sérverkefni sem sjóðsstjórn kann að ákveða hverju sinni.

3. gr.

Árlegar tekjur sjóðsins eru framlag frá sveitarstjórn samkvæmt fjárhagsáætlun Eyjafjarðarsveitar hverju sinni og gjafir sem sjóðnum kunna að berast.

4. gr.

Menningarmálanefnd Eyjafjarðarsveitar fer með stjórn sjóðsins.

Nefndin getur skipað starfsnefndir um einstök atriði sbr. 2. Grein.

Endurskoðaða reikninga sjóðsins skal birta árlega með reikningum sveitarinnar.

5. gr.

Til að hljóta greiðslu úr sjóðnum þarf viðkomandi að hafa lögheimili í Eyjafjarðarsveit eða hafi haft þar lögheimili á síðastliðnum tveimur árum.

6. gr.

Menningarmálanefnd áskilur sér rétt til að styrkþegar leyfi íbúum Eyjafjarðarsveitar að njóta listar

sinnar a.m.k. einu sinni á því ári sem hann hlýtur styrkinn sveitinni að kostnaðarlausu, t.d. með

sýningar- eða tónleikahaldi, samstarfi við félag sveitarinnar, skóla, eldri borgara og/eða aðra listamenn.

Í umsókninni skal koma fram á hvern hátt listamaðurinn hugsar sér að láta Eyjafjarðarsveit njóta listar sinnar.

Menningarmálanefnd útvegar viðeigandi húsnæði til listviðburða ef þörf er á, styrkþega að kostnaðarlausu. Standi styrkþegi ekki við þetta ákvæði fær hann ekki lokagreiðslu styrksins sem ákveðin er af menningarmálanefnd.

7. gr.

Nefndin skal auglýsa eftir umsóknum á heimasíðu sveitarinnar og öðrum þeim miðlum sem hún ákveður hverju sinni. Umsóknum skal skilað til menningarmálanefndar hálfum mánuði fyrir auglýstan úthlutunardag sem er 1. apríl og 1. nóvember ár hvert.

8. gr.

Menningarmálanefnd ákveður hverju sinni fjölda styrkþega og miðar styrkuppþæðir við fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Reglugerð þessi tekur gildi með staðfestingu sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar.